

Greinargerð

vegna útgáfu rekstarleyfis Arctic Smolt ehf. Norðurbotni

1. Almennt

Arctic Smolt ehf. (kt. 600212-2570), Sindragata 10, 400 Ísafjörður, sótti um nýtt rekstarleyfi vegna landeldis á 2.400 tonnum af laxi, bleikju og regnbogasilungi í seiðaelði að eldisstöð sinni í Norðurbotni, Tálknafirði 5. júlí 2022.

Fiskeldisstöð Arctic Smolt ehf. í Norðurbotni er staðsett á landi með frárennsli um tromlusíu og síðan í gegnum dælubrunn þar sem hluti fer út í viðtaka en meirihlutinn í lífhreinsir þar sem fram fer frekara niðurbrot af lífrænum ögnum sem og afnitrún og nítrún með hjálp nytsamlegra baktería áður en það er nýtt aftur í eldisker. Eftir að affallsvatn hefur verið hreinsað og geislað er það leitt til sjávar út fyrir stórstraumsfjöru Tálknafjarðar á um 14 metra dýpi. Í rekstarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum körum eru ristar til að hindra að fiskur geti strokið og þar að auki fer allt frárennsli stöðvarinnar um tromlusíu og dælubrunn áður en það rennur út í Tálknafjörð. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstarleyfi á tímabilinu 9. apríl til og með 8. maí 2025 og engin athugasemd barst vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Arctic Smolt ehf. að Norðurbotni í Tálknafirði var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 15. desember. 2021. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar þann 13. janúar 2022. Í umsögninni kemur fram að stofnunin telji ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum þar sem hún er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og stroki. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 22. júní 2022 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna rekstarleyfis Arctic Smolt ehf. í Norðurbotni kemur fram að umfang mannvirkjagerðar muni teljast nokkurt og að vatnstaka úr borholum og af yfirborði muni aukast en þar sem notast verður við svokallað RAS kerfi þar sem endurnýting vatns er á bilinu 95 – 99% muni það draga úr álagi á bæði vatnsveitu og viðtaka. Skipulagsstofnun bendir á að á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar sé að finna vistgerðir með hátt verndargildi á framkvæmdasvæðinu en telur rask á vistgerðunum ekki verða mikið og því séu áhrif á vistgerðir og gróður ekki líkleg til þess að verða umtalsverð. Stofnunin telur að áhrif frárennslis á viðtaka verði óveruleg svo fremi að skilyrði um reglubundið eftirlit með virkni hreinsibúnaðar, losun mengunarefna og ástandi viðtaka séu í starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Þá telur Skipulagsstofnun að búnaður stöðvarinnar sé nægilegur til að óverulegar líkur séu á að eldisfiskur sleppi og blandist við villta fiska. Umhverfisstofnun setur losunarmörk út frá fódurnotkun eldis, hreinsun frárennslis og aðstæðum við útrás viðtaka. Matvælastofnun telur að með því sé tryggt að lágmark lífræns úrgangs berist út í settjarnir.

Matvælastofnun álfur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldi Arctic Smolt ehf., eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiahrifa. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Arctic Smolt ehf. að Norðurbotni sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Sjúkdómstengdir þættir sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðva

Með reglugerð nr. 462/2021 var innleidd með tilvísunaraðferð reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr. Í 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. b. liður 7. gr., kemur m.a. fram að lögbært yfirvald skuli einungis samþykkja lagareldisstöðvar hafi rekstraraðilar þeirra þróað og skjalfest áætlun um smitvarnir (d. biosikringsplan) sem uppfylli tilteknar kröfur, m.a. um að tilgreindar séu þær leiðir sem sjúkdómsvaldur geti komist eftir inn í lagareldisstöðina eða hóp lagareldisstöðva, dreifst innan hennar og borist frá henni út í umhverfið eða til annarra lagareldisstöðva, sbr. a. lið. Jafnframt að tekið sé tillit til sérkenna einstakra lagareldisstöðva eða hóps lagareldisstöðva og tilgreindar mildandi ráðstafanir fyrir hverja áhættu varðandi smitvarnir sem hefur greinst, sbr. b. lið. Að auki er vísað til þátta sem nánar koma fram í viðauka við reglugerðina.

Matvælastofnun kallaði eftir smitvarnaráætlun frá rekstraraðila og bærust drög að henni í tölvupósti þann 7. apríl 2025 og uppfærð smitvarnaráætlun þann 24.06.2025. Matvælastofnun óskaði eftir því að sérgreinadýralækni fisksjúkdóma færi yfir smitvarnaráætlunina og gæfi álit sitt á því hvort hún uppfyllti skilyrði framangreindra laga og reglugerða.

Álit sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma barst þann 30.06.2025 og mat hann smitvarnaráætlun rekstrarleyfishafa fyrir framkvæmdina fullnægjandi. Í ljósi þessa telur Matvælastofnun að smitvarnaráætlun rekstrarleyfishafa sé fullnægjandi grundvöllur fyrir rekstri stöðvarinnar með tilliti til smitvarna.

4. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Tálknafjarðarhreppi þann 17. október 2022.

Hafrannsóknastofnun veitti umsögn þann 7. nóvember 2022 og telur að líkur á stroki í viðtaka séu ekki miklar þar sem framkvæmdaraðili notist við tromlusú í fráveitu. Stofnunin bendir á að skv. Lögum um stjórn vatnamála má ástand viðtaka ekki hnigna vegna umræddrar starfsemi, en sé vöktun sinnt og mótvægisáðgerðum sé ólíklegt að veruleg neikvæð vistfræðileg áhrif verði á vatnshlotið.

Tálknafjarðarhreppur veitti umsögn þann 26. október 2022 og gerði engar athugasemdir.

Umsögn barst ekki frá Fiskistofu.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna rekstarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar.

Engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar á auglýsingatíma.

6. Forsendur útgáfu

Að öllu framangreindu er það mat Matvælastofnunar að skilyrði til útgáfu á rekstrarleyfi til handa Arctic Smolt ehf. vegna aukningar á lífmassa séu uppfyllt.

7. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Arctic Smolt ehf. að Norðurbotni í Tálknafirði. Rekstrarleyfið heimilar 2.400 tonna hámarkslífmassa á laxi, bleikju og regnbogasilungi til seiðaeldis í eldisstöðinni í Norðurbotni í Tálknafirði.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa fellur 1.000 tonna rekstrarleyfi Arctic Smolt ehf. (FE-1137) til seiðaeldis á laxi og regnbogasilungi úr gildi. Þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 30.06.2041.

Akureyri, 30.06. 2025